

fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meidandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 29/1899:

Halldór Bjarnarson
 gegn
 Þórarni Benjamínssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Þórarni bónda Benjamínssyni á Efrihólum út af meidyrðum um hann í tveim vottorðum, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir annað þeirra, en hitt stefndi einn, en vottorðin voru af vottorðsgefendum fengin hendur Einari nokkrum Einarssyni, sem lét prenta þau aftan við ritling er hann gaf út árið 1897 og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898, þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 40 kr. eða til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi. Flest hin átöldu meidyrði voru jafnframt dæmd dauð

og ómerk og stefndi skyldaður til að greiða áfrýjanda í málskostnað 20 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að dómurinn verði úr gildi feldur og hin meidandi og óvirðandi ummæli dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði látinn sæta laganna þyngstu hegningu fyrir brot sitt, að stefndi eða umboðsmaður hans fyrir undirrétti verði sektaðir fyrir ósæmilegan rithátt og hin ósæmilegu orð dæmd dauð og ómerk, og loks að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eða með einhverju eftir réttarins mati nægilegu. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum áfrýjanda í málinu, og til vara, að sektarákvæði héradsdómsins verði lækkað eða staðfest, og loks, að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað samkvæmt því, sem rétturinn álíti hæfilegt.

Orð þau sem átalin eru í umgetnum vottorðum eru þessi:

1. í vottorði því sem undirritað er af stefnda og nokkrum öðrum mönnum:

»Að vér álitum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði: til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrulegur, og svo lágur, að varla heyrast um alla kirkjuna.

Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið, og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestspjónustu af honum.«

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi.«

»Þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé.«

»Að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök.«

»Eftir þessu sem að framan er sagt og jafnvel fleiru getum vér ekki dulist þess: að vér álitum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu,

og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst.«

2. í vottorði því, er stefndi einn undirritaði:

»Að Halldór prófastur Bjarnarson á Presthólum hefir með breytni sinni gagnvart mér og fleirum sýnt sig að vera ágjarnan, óskilvísan, þrætugjarnan, yfirgangssaman, ósannsöglan og óheilar, í fám orðum sagt, að þann mann vildi eg geta forðast engu síður en mjög illkynjaða pest«.

»að hann eitt sinn tók án vilja míns og vitundar fjórar eikarspýtur og part af skipsstefni úr strandskipinu »Ida« og hagnýtti sér. Þetta hefir hann viðurkennt fyrir rétti. Spýtur þessar allar voru mín eign«.

»hans óskilvísi«.

»að jafn ódyggan mann og undirförlan eins og Halldór prófast Bjarnarson«.

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreind vottorð, til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því, að vottorðin voru birt á prenti, verður hann því að bera ábyrgð á ummælum þeim, er í vottorðunum standa, að svo miklu leyti sem ummælin álitast meiðandi.

Það sem sagt er í hinu fyrra vottorðinu um prestslega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefndi hefir eigi sannað, að ummælin séu á rökum byggð.

Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir,

þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttunum, að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð, er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 60 krónur, eða til vara 18 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Þórarinn Benjamínsson greiði í sekt til landssjóðs 60 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 18 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti

Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1899:

Halldór Bjarnarson
 gegn
 Þorláki Einarssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Þorláki Einarssyni á Hróarsstöðum í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897 og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinsonar«. Var málið dæmt í gestarétti Þingeyjarsýslu 31. okt. 1898, þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin áttöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 15 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi